

## **Erum við að verða reglustikaðri þjóð?**

eftir Þór Sigfússon

Á tíunda áratugnum urðu umtalsverðar **breytingar til batnaðar** í íslensku efnahagslífi. Stefna stjórnvalda var að auka frjálsræði, skapa tækifæri til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi og draga ríkið út úr samkeppnisrekstri. Íslenskt atvinnulíf tók á sama tíma stakkaskiptum þar sem fjöldi fyrirtækja hefur vaxið og dafnað í hagstæðu umhverfi. Á þessum tíma **hækkaði Ísland ört á listum um samkeppnishæfni þjóða.**

Gott rekstrar- og skattaumhverfi fyrirtækja hérlendis hefur án efa verið helsta ástæða þess drifkrafts sem víða má sjá íslensku atvinnulífi. Margar þær umbótatillögur sem Verslunarráð Íslands hefur barist fyrir hafa náð fram að ganga og athyglisvert er að margar þeirra **þóttu róttækar fyrir svo sem áratug en sjálfsagðar nú.** Þar ber helst að nefna tillögur um verulega **lækkun tekjuskatta fyrirtækja** sem nú hafa orðið raunin. Enginn vafi leikur á að sú einstaka breyting hefur án efa haft meiri áhrif á íslenskt atvinnulíf en nokkur önnur.

Forystumenn útrásarfyrirtækja hafa tjáð mér **þeim hafi þótt meira til um íslenskt rekstrarumhverfi þegar þeir höfðu fengið reynslu af rekstrarumhverfi í öðrum ríkjum.** Dæmisögurnar eru óteljandi: Þegar eitt fyrirtækið hugðist **segja upp fólki** þurfti að hefja langar og flóknar samningaviðræður við verkalýðsfélögin. Skrifræðið er gríðarlegt. Stofnun fyrirtækis í einu landi krafðist **25 eyðublaða í á annan tug stofnana.** Og því fjær sem fyrirtækin fóru því líklegri voru þau að þurfa að taka á móti kröfum opinberra starfsmanna um sérgreiðslur fyrir afgreiðslu. **Við höfum gott tækifæri til að verða áfram með einstaklega skilvirkan vinnumarkað og samkeppnishæft rekstrarumhverfi. En við getum líka glutrað niður þessu forskoti.**

**Erum við að verða reglustikaðra samfélag eins og forsætisráðherra komst að orði í Morgunblaðsviðtali nýverið – og kannski óafvitandi? Erum við búin að missa ríkisreksturinn úr böndunum, auka skrifræði og sýna andvaraleysi gagnvart mögulegum umbótum, m.a. í skattamálum, sem geta stuðlað að enn frekari verðmætasköpun fyrir íslenskt samfélag?**

Þetta eu þær spurningar sem Verslunarráð Íslands veltir nú upp. Við verðum nefnilega að átta okkur á því að þessari **traustu samkeppnisstöðu okkar ber að hlúa** og skilningsleysi um mikilvægi þess að Ísland bjóði áfram eitt það besta rekstrarumhverfi fyrirtækja sem þekkist getur leitt til hnignunar.

**Þau lönd sem íslensk alþjóðafyrirtæki starfa á eru í óða önn að styrkja samkeppnisstöðu sína** með ýmsum einföldunum í skattkerfinu og rekstrarumhverfinu almennt á sama tíma og samhæfingin og miðstýringin virðist vera að aukast héraendis.

Tökum dæmi þar sem **blikur eru á lofti** um að við séum að verða ríkisvæddara og reglustikaðra samfélag sem hefur misst sjónar á því að fyrirtæki þurfa að vaxa og dafna og stöðugt þarf að gera betur í samkeppnisumhverfinu.

1. Það sem ekki er leyft er bannað

**Í fyrsta lagi verður að taka undir orð forsætisráðherra að við erum að þokast nær norsku leiðinni þar sem allt er bannað sem ekki er leyft.** Auðvitað er þrýstingurinn að utan í þessum efnunum með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem samhæfingin skiptir miklu. Hins vegar verður að minna á hér að svo virðist sem við Íslendingar séum að verða **kapólskari en páfinn í þessum efnunum.** Ekki er langt síðan eftirlitsstofnun bannaði ferðaþjónustuaðila að baka flatkökur á ferðamannastað héraendis þar sem hreinlætisaðstaða var ekki í samræmi við evrópskar reglugerðir. Stöðugt berast fregnir af því að leggja þurfi í verulegar breytingar í þjónustufyrirtækjum þar sem rými séu of lítil miðað við staðla Evrópusambandsins. Það þarf engan sérfræðing í Evrópustöðlum til að sjá að þessar reglugerðir eru þverbrotnar víða í Evrópulöndum og enginn virðist kippa sér upp við það. Við erum því að sumu leyti okkar eigin gæfu smiðir í þessum efnunum.

2. Neikvæðara stjórnkerfi

**Í öðru lagi virðist stjórnkerfið neikvæðara fyrir umbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja en áður.** Nú er í algleyminingi að setja þurfi lög á viðskiptalífið en ekki léttu því lífið enn frekar! Skilaboðin eru því þau að nóg sé að gert fyrir fyrirtækin með lækkun tekjuskattsins og nú þurfi aðeins að setja lög til að hemja fyrirtækin. Þetta þýðir að þegar fulltrúar viðskiptalífsins heimsækja stjórnarráðið er eins og þar séu á ferð ofdekrúð börn sem skynji ekki sínar takmarkanir. Auðvitað er skýringin á þessu sú m.a. að stjórnámálamenn hafa nefnt viðskiptalífið ýmsum nöfnum og bara í síðasta mánuði vorum við nefndir **“kálfar að vori” og “kóngulær”**. Slík ummæli hafa áhrif á embættismannakerfið. **Auðvitað er þetta súrt þegar haft er í huga að íslensk fyrirtæki eru að ráða fólk** á meðan mörg evrópsk eru að segja upp fólk, kraftur og áráðni einkennir íslensk fyrirtæki sem skortir tilfinnanlega í mörgum Evrópulöndum – og síðast en ekki síst fyrirtækin eru að græða og greiða hærru upphæðir í tekjuskatta en nokkru sinni fyrr.

Þessi mótbyr gagnvart íslensku viðskiptalífi á sér stað á sama tíma og ýmis samkeppnislönd okkar sem hingað til hafa ekki verið samkeppnishæf við Ísland eru á miklu flugi að koma á umbótum í skattamálum sem m.a. miða að því að auka alþjóðavæðingu.

**Svíar hafa nýverið aukið samkeppnishæfni sína með því að bæta skattumhverfi alþjóðlegra eignarhaldsfélaga í landinu.**

Við erum á sama tíma að gefast upp með **alþjóðleg viðskiptafélög og gáfum þeim tveggja ára tilraunatíma** og þrátt fyrir að bent væri á að við værum þegar að fá tekjur af þessum félögum misstum við þolinmæðina. Þarna voru rök þeirra sem beittu sér gegn alþjóðlegum viðskiptafélögum þau að þau gengu gegn Evrópureglum!

### 3. Viðhorf skattyfirvalda

Í þriðja lagi má nefna skattkerfið. Gamla embættismannakerfið sem m.a. starfaði oft beinlínis gegn viðskiptalífinu í skattamálum o.fl. hefur að mörgu leyti vikið fyrir faglegri og jákvæðari sjónarmiðum. Verslunarráð hefur þó bent á að **gamla kerfið kunni að vera að vakna til lífsins að nýju** og hlakki til þess að taka upp gamla siði sem einkenndust af hroka gagnvart fyrirtækjastarfsemi. Í þessu sambandi má nefna þau viðhorf sem nýverið komu fram í skattkerfinu um **mammonsdyrkun viðskiptalífsins og skattasniðgöngu.**

### 4. Aukin ríkisafskipti

Fjórða atriðið sem nefna má sem dæmi um versnandi samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja eru vaxandi ríkisumsvif. Samneyslan **hérlandis er komin upp í 2. sæti á meðal OECD ríkja** og færist upp um 1 sæti frá árinu 2002. **Við erum að halda uppi hagvexti með ríkisútgjöldum og erum síðan að semja um kaup og kjör miðað við hagvöxtinn.** (Samanburður við Írland)

Áhugi fyrir framgangi einkaframtaks og minni ríkisafskiptum virðist að sumu leyti minni en áður. Nú er talað um **frestun á einkavæðingu Símans, þingmenn tala um gæði samvinnurekstrar**, einkaframkvæmd nær litlu flugi þrátt fyrir augljósan árangur og löggjafar- og framkvæmdavaldið virðist ófeimnara við að bera á borð tillögur um aukin ríkisafskipti. Nýverið var kynnt **stjórnarfrumvarp sem m.a. takmarka verulega möguleika einkaaðila til rekstrar vatnsveitna.** Ég fullyrði að frumvarp sem þetta hefði fengið mótbyr fyrir nokkrum árum síðan en virðist nú ætla að sigla í gegn með öllum greiddum atkvæðum eins og nú er viðkvæðið á þinginu. Loks eru stjórnámálamenn iðnir við að leggja á ráðin um nýjar ríkisstofnanir. **Á síðustu 2 vikum hafa komið fram hugmyndir um tvær nýjar ríkisstofnanir; í**

fyrsta lagi sjálfseignarstofnun um innflytjemdamál og hins vegar hugmynd Páls Péturssonar um að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins. Nýjar ríkisstofnanir draga úr möguleikum einkaframtsaksins og kippa stoðunum undan heilbrigðri samkeppni.

## 5. Eftirlitsiðnaðurinn

Loks verður ekki hjá því komist að nefna eftirlitsiðnaðinn héraendis. Kostnaður atvinnulífsins vegna aukin eftirlits og margvíslegra íþyngjandi laga og reglna hefur aukist umtalsvert á síðustu árum. Sá kostnaður hefur nýverið verið áætlaður um **12 milljarðar króna** sem er þó mun lægra en mat á þessum kostnaði í nágrannalöndum sem er áætlaður 20-30 milljarðar króna sé miðað þjóðarframleiðslu. **Nýverið ræddi ég við stjórnanda iðnfyrirtækis sem sagði mér að eftirlitið í fyrirtæki hans heyrði undir 7 ráðuneyti.** Það sér hver heilvita maður að þarna erum við á leið inn í flókið og reglustikað samfélag. Það þarf að skoða eftirlitsiðnaðinn héraendis og hvernig megi stuðla að því að gera hann skilvirkari. Viðskiptalífið veit að eftirlitsstarfsemi er komin til að vera og hún á rétt á sér en þessi starfsemi á ekki að breytast í iðnað! - vinnubrögðin þarf að laga.

Hvert stefnir?

Íslenskt viðskiptalíf þarf nú að opna umræðu um það hvert stefnir með samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og það umhverfi sem þeim er búið. Viðskiptalífið hefur þegar viðurkennt að ýmislegt hefur farið úrskeiðis á síðustu árum og tekið frumkvæði í því að leita leiða til úrbóta. Í þessu sambandi má sérstaklega geta leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja en vel virðist horfa um áhuga fyrirtækja á því að framfylgja þeim leiðbeiningum.

Með sama hætti þarf viðskiptalífið að hefja samræðu við stjórnvöld um hvernig eftirliti verður best háttað í fyrirtækjum. Okkur hefur ekki tekist sérstaklega vel upp að koma gagnrýni okkar á framfæri. Gagnrýnin hefur verið skilin þannig að við teldum eftirlit með öllu ástæðulaust. Árangursríkustu dæmin um eftirlit gagnvart fyrirtækjum hafa þau einkenni að þar er viðskiptalífið sjálft beinn þátttakandi eða tekur sjálft að sér eftirlit. Þannig mætti skoða rekstrarform og aukna þátttöku viðskiptalífsins í eftirlitsstofnunum á borð við Samkeppnisstofnun. Í þessum efnum er þörf á frumkvæði frá viðskiptalífinu sem skoða verður á næstu mánuðum. Framkvæmdastjórn VÍ hefur sett stefnuna á að á þessu verður tekið á næstu mánuðum.

Annað atriði tengt þessu sem mikilvægt er að ræða er að metinn verði reglubundnar en áður kostnaður atvinnulífsins af nýjum lögum

og reglum. **Í kynningu á niðurstöðum um eftirlitskostnað héraðs var látið í veðri vaka að eftirlit hefði í för með sér samfélagslegan ábata. Vitnað í bandarískar athuganir!**

Nauðsynlegt er að birt verði reglulega yfirlit yfir kostnað atvinnulífsins vegna nýs laga- og regluverks til þess að vera eins konar áminning til stjórnámálanna og embættismanna um að fara sér hægt í laga- og reglusetningu. **Nú gerist matið þannig að opinberar stofnanir eða ráðuneyta meta kostnaðinn og niðurstaðan er nær alltaf sú sama: Frumvarpið eða reglurnar eru þjóðhagslega hagkvæmar!** Það er mikið í húfi að allir séu vel meðvitaðir um þann kostnað sem leggst á atvinnulífið af einstökum reglu- og lagasmíðum.

Loks þarf alvarlega að **bretta upp ermar** í ríkisfjármálum.

Áhrifa minna trausts almennings á viðskiptalífina og hugsanlega breyttra viðhorfa í stjórnslu og á vettvangi stjórnmála til viðskiptalífsins gætir í öllum fyrirtækjum og hefur í för með sér umtalsverðan kostnað. Þau atriði sem ég hef hér rakið að framan um verri samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs sýna að við þurfum að vera vel vakandi.

**Það er mikið í húfi fyrir viðskiptalífið að taka frumkvæði í því að bæta stjórnarhætti fyrirtækja, taka frumkvæði í því að benda á nýjar leiðir við opinbert eftirlit og um leið að minna á að með andvaraleysi getum orðið ríkisvætt reglusamfélag sem smám saman missi tennurnar og þjáist af þróttleysi fyrirtækja eins og við verðum svo áþreifanlega vör við í ýmsum öðrum Evrópuríkjum um þessar mundir.**